



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um bréfasamskipti innviðaráðuneytis við ESA.

Á fundi borgarráðs 24. febrúar lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að borgarráð fái öll bréfasamskipti innviðaráðuneytisins (áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið) til ESA og frá ESA vegna uppgjörsgreina Félagsbústaða. Verið er að vísa í þessa umfjöllun: <https://www.vb.is/frettir/70-milljarda-bokhaldsvilla/173072/> Nú þegar liggur inni ósk um að fá svar ráðuneytisins að fá afrit að svarbréfinu til ESA en það hefur ekki borist.

Leitað var til fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar og óskað eftir aðgangi að umbeðnum gögnum fyrir fulltrúa í borgarráði m.a.með vísan til ákvæða 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Gögnin bárust í beinu framhaldi og fylgja með svari þessu til borgarráðsmanna. Athygli er vakin á því að þau eru trúnaðarmerkt á vettvangi borgarráðs enda á forræði innviðaráðuneytisins að veita almennan aðgang að þeim.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Bréfasamskipti innviðaráðuneytisins við ESA.